



336. fundur Afrekssjóðs ÍSí

15. september 2025 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ), Kári Mímisson (KM),

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ),

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð. Kristín Birna Ólafsdóttir afrekssjóri ÍSí (KBÓ).

1. Ný stjórn Afrekssjóðs ÍSí

KSR kynnti nýja stjórn Afrekssjóðs ÍSí. Er eftirfarandi: Þórey Edda Elísdóttir formaður, Daníel Jakobsson, Stefán Jóhannesson og Kári Mímisson. Ekki er búið að ganga frá tilnefningu fulltrúa mennta- og barnamálaráðuneytis. Verið er að senda út skipunarbréf. Guðrún Inga Sívertsen og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir ganga úr stjórn.

2. Niðurfellingar vegna 2024

Umræða fór fram um niðurfellingar vegna 2024. Flest sérsambönd hafa skilað inn gögnum sem liggja til grundvallar yfirferð á afreksgjöldum og niðurfellingum, þ.e. fjárhagssuppgjöri, ársreikningi og landsliðspáttökuyfirliti. Útlit er fyrir að nokkur sérsambönd fái töluverðar niðurfellingar, m.a. þar sem þau fóru ekki á ÓL 2024 en fengu ferðastyrk vegna leikanna (umfang).

3. Úthlutun vegna 2026

Umræður fóru fram um úthlutun vegna 2026.

Gert ráð fyrir að úthlutunarreglum verði ekki mikið breytt efnislega. Lögfræðingur ÍSí hefur verið að skoða reglurnar ásamt KSR og KBÓ.

Unnið er út frá því að úthluta svipaðri fjárhæð og 2025 í heildina eða um 820mkr. Ekki er þó alveg búið að festa úthlutunarfjárhæð.

Unnið er út frá svipuðum viðmiðum og áherslum og 2025. Ekki hafa komið fram neinar óskir frá AMÍ um breyttar áherslur. Umræða um að taka þurfi tillit til athugasemda sérsambanda sem fram komu á fundi í vor, m.a. er snúa að árangri liða í einstaklingsgreinum. Einnig var rætt að auka vægi sterkustu móta í umfanginu og styrkja þau enn betur.

4. Samstarf við AMÍ

Umræður fóru fram um að halda þurfi góðu samstarfi við AMÍ og skerpa á hlutverkum.

5. Önnur mál

Næsti fundur var ákveðinn í næstu viku. KSR gert að finna tíma.

Fundi slitið kl. 11.59